

Föstudaginn 29. október 1954.

Kærumálið nr. 20/1954.

**Valdstjórnin**

gegn

**Guðmundi Holberg Þórðarsyni.**

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.**

Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Gunnlaugur Briem, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Guðmundur Holberg Þórðarson hefur skotið úrskurði hér-  
aðsdómara til Hæstaréttar með kæru 19. þ. m.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar.  
Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt hér fyrir dómi.

**Dómsorð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

### **Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. október 1954.**

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 15. okt. sl., var lagt fyrir sakadómarann í Reykjavík að kveða þegar í stað upp úrskurð um það, hvort stöðva bæri starfsemi „Vörumarkaðsins s/f“, hér í bæ.

Við dómsrannsókn í málinu hefur komið í ljós, að framangreint fyrirtæki hefur ekki verið skrásett skv. lögum nr. 42/1903, 16. gr., og að Guðmundur Holberg Þórðarson sölustjóri, til heimilis að Spítalastíg 5 hér í bæ, sem er sviptur ævilangt með dómi Hæstaréttar frá 19. júlí 1947 rétti til að reka og stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki, hefur annazt daglegan rekstur þess. Guðmundur Holberg, sem er meðeigandi í „Vörumarkaðinum s/f“, hefur viðurkennt að hafa séð um auglýsingastarfsemi fyrir hann, innkaup að nokkru leyti og fjárreiður að mestu leyti. Hins vegar hefur hann neitað að vera framkvæmdarstjóri og kveðið engan sérstakan vera það. Guðmundur Holberg hefur skýrt frá því, að „Vörumarkaðurinn s/f“ væri rekinn skv. verzlunarleyfi Snorra Gunnarssonar kaupmanns, til

heimilis að Bollagötu 2 hér í bæ, er væri einn af meðeigendum hans. Um stjórn fyrirtækisins upplýsti hann það, að engar ákvarðanir væru teknar um meiri háttar málefni nema af meiri hluta eigenda. Hann neitaði eindregið að hafa stjórnað fyrirtækinu á eindæmi.

Í ljós kom, að tveir eigenda „Vörumarkaðsins s/f“, sem Guðmundur Holberg gaf upp, höfðu verið utan bæjar undanfarið, og hinn þriðji kvaðst ekki hafa nærri rekstri hans komið, og væri Guðmundur Holberg í raun og veru framkvæmdarstjóri.

Á vegum „Vörumarkaðsins s/f“ eru opnar tvær sölubúðir, önnur að Hverfisgötu 74 og hin að Framnesvegi 5, og er þar ýmiss konar varningur á boðstólum. Stúlkur þær, sem í sölubúðunum vinna, kveðast ekki hafa orðið varar við annað en Guðmundur Holberg sæi sjálfur um allan verzlunarreksturinn.

Þrátt fyrir neitun Guðmundar Holbergs um að reka og stjórna „Vörumarkaðinum s/f“, þá lítur dómurinn svo á, að nægilegar sannanir séu fram komnar fyrir því, að svo sé, með þeim framburði Guðmundar Holbergs sjálfs, að hann sjái um að verulegu leyti öll þýðingarmestu störf í sambandi við daglegan rekstur fyrirtækisins, framburði verzlunarstúlkanna, sem að framan greinir, svo og þeim framburði eins af eigendum „Vörumarkaðsins s/f“, Guðmundar Hagalíns Kristjánssonar verzlunarmanns, til heimilis að Vesturgötu 35 hér í bæ, að Guðmundur Holberg sé í rauninni framkvæmdarstjóri fyrirtækisins. Guðmundur Holberg hefur því ekki skeytt um hæstaréttardóminn yfir honum, sem að framan greinir, þar sem hann er sviptur rétti til að reka og stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki ævilangt. Lítur dómurinn því svo á skv. framansögðu, að „Vörumarkaðurinn s/f“, sem er óskrásettur, eins og að framan er rakið, sé rekinn á ólöglegum grundvelli og starfsemi hans fari í bága við fyrirsmæli 2. gr. og 14. gr. laga nr. 52/1925 og 16. gr. laga nr. 42/1903. Þykja því fram komnar nægar ástæður skv. því til að úrskurða, að sölubúðum hans að Hverfisgötu 74 og Framnesvegi 5 skuli loka.

#### Því úrskurðast:

Sölubúðum „Vörumarkaðsins s/f“ að Hverfisgötu 74 og Framnesvegi 5 skal lokað.